

Fálkasetur

12. fundur stjórnar 20. desember 2012, símafundur kl. 9.
Mættir: Aðalsteinn, Hjörleifur, Sverrir, Halldór.

Eftirfarandi málefni voru rædd:

Umsókn um styrki.

Vinir Vatnajökuls hafa afgreitt styrkbeiðni Fálkaseturs og veitt 2.5 milljónir til þess að koma fyrir sýningargripum, tækjum og innréttingum í fyrirhugað sýningarrými í Gljúfrastofu. Þetta er lítill hluti af fjárhagsáætlun sem send var með umsókninni. Gert var ráð fyrir því í umsókn Fálkaseturs að vönduð hönnun væri forsenda uppsetningu sýningar. Fundarmenn töldu það ekki fýsilegt að koma fyrir sýningu fyrr en búið væri að hanna hana að fullu og var formanni falið að ræða við Vini Vatnajökuls um það að fresta því um eitt ár að taka við styrknum meðan leitað er leiða til að afla fjár til hönnunar.

Vefsíðan

Rætt um vefsíðuna og lítils háttar lagfæringar á uppsetningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari